

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1984—2004.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 27. júlí 1988 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Reykjavíkur 1984—2004, þó að því er varðar skipulag í Fossvogsdal að mörkum lögsagnarumdæma Reykjavíkur og Kópavogs eins og þau eru ákveðin í 1. grein laga nr. 38, 27. maí 1975 samanber og bréf ráðuneytisins til borgarstjórnar Reykjavíkur dags. 28. júlí 1988.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af borgarstjórn Reykjavíkur og skipulagsstjórn ríkisins mælt með að hann verði staðfestur.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. júlí 1988.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á fjallskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað nr. 374 21. júlí 1986.

1. gr.

2. mgr. 39. gr. orðist svo:

„Þessi mörk er leyfilegt að nota: Alheilt, andfjarðrað, biti, blaðrifað, blaðstýft, boðbildur, bragð, fjöður, gagnbitað, gagnfjaðrað, gagnhangfjaðrað, gagnstigað, hamrað, hangfjöður, hálf taf, heilhamrað, heilrifað, hófbiti, hvatt, lögg, miðhlutað, miðhlutað í stúf, oddfjaðrað, sneiðrifað, sneitt, stig, stúfrifað, stýft, stýfthálftaf, sýlt, tvíbitað, tvífjaðrað, tvíhangfjaðrað, tvírifað í heilt, tvírifað í sneitt, tvírifað í stúf, tvístigað og tvístýft.“

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefur samið, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6 21. mars 1986, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 29. júlí 1988.*

**Jón Helgason.**

*Jón Höskuldsson.*